

Nd.

762. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

- Á eftir 1. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, er verða 2.—3. gr., svo hljóðandi:
- a. (2. gr.) Á kjörskrá til prestskosninga ber að taka alla þá, karla og konur, sem:
1. eru 21 árs, þegar kosning fer fram;
 2. eru meðlimir þjóðkirkjunnar;
 3. eiga ríkisborgararétt hér á landi eða hafa verið búsettir í landinu síðustu 5 árin, áður en kosning fer fram;
 4. hafa óflekkað mannorð og eru fjár síns ráðandi;
 5. eiga lögheimili innan þeirra takmarka, er kjörskráin nær til, eða eru skráðir í safnaðardeild í prestakallinu samkv. 3. gr.
- b. (3. gr.) Nú ákveður utanþjóðkirkjusöfnuður, sem fengið hefur löggiltan og viðurkenndan forstöðumann, það á lögsmætum safnaðarfundi að ganga inn í þjóðkirkjuna og hlíta framvegis þjónustu þjóðkirkjuprests, og er honum þá heimilt, ef meðmæli biskups koma til og leyfi kirkjumálaráðherra, að gerast sérstök safnaðardeild innan þess prestakalls í prófastsdæminu, er söfnuðurinn helst kys.

Safnaðardeildin kys sér safnaðarstjórn á sama hátt og sóknir innan þjóðkirkjunnar og hlítir yfirleitt sömu fyrirmælum og sérstök sókn væri, enda gilda um safnaðarstjórnina sömu lög og reglur og um sóknarnefndir yfirleitt.

Hafi slíkur söfnuður komið sér upp kirkju, áður en hann gekk inn í þjóðkirkjuna, renna sóknargjöld safnaðarins til hennar, og gilda um þá kirkju öll hin sömu fyrirmæli og um aðrar safnaðarkirkjur innan þjóðkirkjunnar. Að öðrum kosti renna sóknargjöldin til kirkju þeirrar sóknar, er söfnuðurinn hefur gerzt safnaðardeild í.

Utanþjóðkirkjumönnum einum er heimilt að ganga inn í safnaðardeild.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna, er verður 7. gr., kemur ný grein, er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Þeir, sem staddir verða eða gera ráð fyrir að verða staddir utan takmarka sóknar sinnar, þá er kosning fer fram, mega greiða atkvæði heima hjá sóknarnefndarformanni sóknar sinnar á þar til gerð eyðublöð, er kirkjumálaráðuneytið lætur útbúa í samráði við biskup, og gilda um þá atkvæðagreiðslu öll hin sömu fyrirmæli og um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í gildandi lögum um alþingiskosningar, að því leyti sem við á. Kosning þessi má hefjast þegar er prófastur hefur ákveðið kjördag í sókninni.

3. gr.

1. másl. 11. gr. laganna, „Þeir, sem neyta vilja . . . kjörfund sjálfir“, fellur niður.

4. gr.

12. gr. laganna, er verður 15. gr., orðist svo:

Sóknarnefnd í samráði við héraðsprófast skal sjá um, að kjördeildir í kaupstöðum og kaupsýslum séu hæfilega margar, svo og að kjörstaðir verði á fleirum en einum stað í hinum víðáttumeiri sóknum og þeim, sem sérstaklega eru torsóttar yfirferðar. Hreppi má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar. Verði ágreiningur milli sóknarnefndar og prófasts um tölu kjördeilda, sker biskup úr. Kjörfund skal þó jafnan setja og slíta honum á sama stað. Þrír menn tilnefndir af sóknarnefnd taka við atkvæðum í kjörherbergi hverju, og skal á aukakjörstöðum nota staðfest eftirrit af kjörskrá, enda hefur hver kjördeild sína fundarbók. Sóknarnefnd ákveður, hverjir kjósa skuli á hverjum stað. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla á aukakjörstöðunum fram sem annars staðar. Þegar atkvæðagreiðsla er lokið á aukakjörstað, skal afhenda sóknarnefnd tafarlaust atkvæðakassa og kjörgögn. Síðan sendir sóknarnefnd þau til yfirkjörstjórnar á venjulegan hátt.

5. gr.

13. gr. laganna, er verður 16. gr., orðist svo:

Þegar kosningarathöfn er lokið og sóknarnefnd hafa borizt öll kjörgögn úr aukakjördeildum, skal sóknarnefndin athuga og úrskurða þá utankjörfundaratkvæðaseðla, er hún hefur fengið í hendur. Síðan hvolfir hún seðlum úr atkvæðakössunum, svo og þeim utankjörfundaratkvæðaseðlum, sem ekki er ágreiningur um, í umslög, sem til þess eru ætluð, og setur innsigli sín fyrir. Svo mega og umboðsmenn umsækjenda setja innsigli sín fyrir umslögin, ef þeir vilja.

Enn fremur tekur kjörstjórnin ónýtta seðla svo og ónotaða seðla, setur þá í umslög og innsiglar á sama hátt. Að lokum setur hún sér í umslag og innsiglar þá utankjörfundaratkvæðaseðla, er ágreiningur kann að hafa orðið um.

6. gr.

17. gr. laganna, sem verður 20. gr., orðist þannig:

Hafi helmingur kjósenda í prestakalli, þar sem fleiri eru en einn umsækjandi, greitt atkvæði, er sá kjörinn prestur, er flest atkvæði fær, enda séu atkvæði þau, sem hann hlýtur, fleiri en auðir seðlar, sem skilað er við kosninguna.

Reynist auðu seðlarnir fleiri en nemur atkvæðatölu þess, er flest hlýtur atkvæðin, ber að líta svo á, að öllum umsækjendunum sé hafnað, og skal þá auglýsa prestakallið á ný. Hafi aftur á móti eigi fullur helmingur kjósenda greitt atkvæði, skal prestakallið eigi veitt, en biskup skal setja til þess að þjóna prestakallinu þann umsækjanda, er flest hefur hlotið atkvæði, ef hann vill á það fallast. Miðast setningin við allt að því eitt ár, en þá skal prestakallið auglýst að nýju.

7. gr.

18. gr. laganna, sem verður 21. gr., orðist svo:

Nú er aðeins einn umsækjandi um prestakall, og fer þá með sama hætti fram leynileg atkvæðagreiðsla um hann á kjörfundum og við utankjörfundarkjör. Kjós-
endur þeir, er honum vilja hafna, skila auðum seðlum.

Nú greiðir helmingur kjósenda atkvæði, og fái umsækjandinn helming greiddra atkvæða, er hann löglega kjörinn, en ella hafnað.

Taki ekki helmingur atkvæðisbærra manna þátt í kosningunni, er kosning ógild. En fái umsækjandinn meira en helming greiddra atkvæða, á hann rétt á að verða settur prestur í prestakallinu um eins árs skeið og prestakallið síðan auglýst á ný.

8. gr.

22. gr. laganna, er verður 25. gr., orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1946. Fella skal breytingar þessar inn í megin-
mál laganna og gefa þau út í heild.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að beiðni hv. kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Með bréfi, dags. 5. des. f. á., hefur kirkjumálaráðherrann spurzt fyrir um það, hvort ekki mundi vera heppilegt að breyta núgildandi lögum um veitingu prestakalla og hvers konar breytingar ég mundi telja æskilegastar á þeim lögum.

Lögin um veitingu prestakalla frá 3. nóv. 1915 eru orðin 30 ára gömul. Margt breytist á skemmri tíma, enda mun það nú álit flestra, sem um málið hugsa, að lögin séu orðin úrelt og eigi ekki lengur við.

Kemur þá fyrst til álita, hvort afnema ætti lög þessi gersamlega og skipa presta í embætti án íhlutunar safnaðanna, svo sem tíðkast um skipun ýmissa annarra starfsmanna, t. d. lækna og sýslumanna. Margt mælir með þeirri lausn málanna, og mundi það eigi aðeins spara allverulega kostnað og fyrirhöfn, heldur koma í veg fyrir margs konar leiðindi og úlfúð, er prestskosningar, því miður, hafa haft í för með sér sums staðar í landinu.

Aftur á móti er það vitað, að allmargir eru ófúsir til að sleppa úr hendi sér réttinum til þess að kjósa sér prest, — rétti, sem þeir hafa haft lögverndaðan um 30 ára skeið. Hefur þetta sjónarmið berlega komið í ljós á fundum, þar sem mál þetta hefur verið rætt. Enda slíkum mönnum nokkur vorkunn. Trúmálin eru jafnan viðkvæm mál. Auk þess eru viðhorf prestanna til trúmálanna og þá einkum guðfræðinnar mismunandi, og hefur svo löngum verið. Mætti því virðast eðlilegt, að fólkið sjálft skæri úr því með atkvæði sínu, hvort það t. d. vildi heldur frjálsslyndan prest eða íhaldsaman í guðfræðiskoðunum, en síður viðeigandi að biskup, sem að líkindum mundi aðhyllast aðra hvora stefnuna, ætti úr að skera um það, hvernar stefnu maður hlyti prestakallið, ef örðugt væri að gera upp á milli umsækjendanna að öðru leyti, enda slíkar ráðstafanir til þess fallnar að geta valdið óánægju og flokkadráttum. Sama máli mundi gegna, þótt ákvörðun um veitinguna væri tekin af ráðherra. Enn er það, að fólkið ber með nokkrum hætti ábyrgð á presti þeim, er það sjálft kýs, og getur ekki skellt skuld á aðra, ef það verður óánægt með prestinn.

Eftir ýtarlega ihugun þessa máls, hef ég því tekið þá ákvörðun, að eigi muni að svo stöddu heppilegt að leggja til, að prestskosningar verði niður felldar, enda mjög vafasamt, að afnám þeirra mundi ná samþykki Alþingis, þótt fram væri borið.

Niðurstaðan hefur því orðið sú að mæla með því, að lögumum verði breytt til meira samræmis við gildandi kosningalög, og að því miða þær tillögur til breytinga, sem hér eru fram bornar, og skal nú gerð nánari grein fyrir þeim tillögum.

Um 1. gr. a.

Efni hennar miðar að því að taka það fram skýrt og ótvírátt, hverjir skuli hafa kosningarrétt og vera teknir á kjörskrá. Er þar að mestu fylgt lögnum um kosningar til Alþingis, að því viðbættu, að maðurinn sé eða hafi gerzt meðlimur þjóðkirkjunnar, áður en kærufrestur um kjörskrá sé liðinn. Virðist mér rétt, að hver maður öðlist kosningarrétt þegar við inngöngu í þjóðkirkjuna, ef hann að öðru leyti uppfyllir skilyrði þau, er sett eru almennt um kosningarrétt, svo og að hann þurfi ekki að hafa verið búsettur í sókn neinn ákveðinn tíma, áður hann öðlast réttinn. Er þetta í samræmi við fyrri tillögur mínar um þessi efni, sem ráðuneytið hefur að öllu leyti fallizt á. Að lokum er nýmæli um kosningarrétt þeirra, er teljast til safnaðardeilda, og er gerð grein fyrir því í aths. við síðari hluta (b-lið) greinarinnar.

Um 1. gr. b.

Þar er lagt til að heimila utanþjóðkirkjusöfnuði, sem það samþykkir á lögsmætum safnaðarfundum, að ganga inn í þjóðkirkjuna og gerast þar sérstök safnaðardeild með hliðstæðum réttindum og sóknir hafa að gildandi lögum, enda komi þá bæði samþykki biskups og kirkjumálaráðherra til. Safnaðardeildin kys sóknarnefnd fyrir sig, og hafi söfnuðurinn áður en hann gekk inn í þjóðkirkjuna komið sér upp kirkju, verður hún eins konar sóknarkirkja safnaðardeildarinnar, og renna til hennar kirkjugjöld meðlimanna. Ella renna gjöldin til sóknarkirkju þeirrar sóknar, sem söfnuðurinn hefur kosið að gerast safnaðardeild í.

Eins og kunnugt er, er meðlimum þjóðkirkjunnar skipað í sóknir með staðartakmörkunum, þannig að hver þjóðkirkjumaður er meðlimur þeirrar sóknar, þar sem hann er búsettur, og honum óheimilt að segja sig í aðra sókn. Utanþjóðkirkjusöfnuðir hafa aftur á móti haft þau forréttindi, a. m. k. í framkvæmd, að mega mynda kirkjusóknir án allra staðartakmarkana. Innan eins og sama utanþjóðkirkjusafnaðar með einni stjórn og kirkju er t. d. hér í Reykjavík fólk úr öllum sóknum bæjarins. Verður það að teljast óeðlilegt í því landi, þar sem ríkið styður og verndar þjóðkirkju, að utanþjóðkirkjumenn hafi meiri réttindi en meðlimir þjóðkirkjunnar sjálfir. Hins vegar þykir ekki rétt að leggja til, að þjóðkirkjumenn fái rétt til eftirgeðþótta að segja sig úr einni sókn í aðra né heldur að einstökum utanþjóðkirkjumönnum sé heimilt að segja sig inn í hvaða þjóðkirkjusöfnuð, er þeir vilja, því að það mundi valda fullkomnum glundroða á hinn staðbundnu sóknarskiptingu þjóðkirkjunnar. Hér er því ekki gengið lengra en það, að utanþjóðkirkjusöfnuði sem heild er gefinn kostur á að ganga inn í þjóðkirkjuna á þann veg að mynda sérstaka safnaðardeild eða sókn innan þess prestakalls, er hann helst kys að tilheyra. Með þessu er utanþjóðkirkjusöfnuðum greiddur vegur inn í þjóðkirkjuna aftur, án þess að raskað sé grundvelli sóknarskipunarinnar, og verður það að teljast eðlilegt og þjóðkirkjunni hagkvæmt.

Um 2. gr.

Hún fjallar um utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Eru þau ákvæði sett í samræmi við gildandi lög um alþingiskosningar, þó með þeim breytingum, að formaður sóknarnefndar kemur í stað hreppstjóra eða sýslumanns. Þá þótti og eigi fært að ganga lengra en svo að heimila slíka atkvæðagreiðslu aðeins innan takmarka þess prestakalls, þar sem prestskosning fer fram. Og er því þeim mönnum, sem staddir eru utan prestakalls, óheimilt að kjósa þar. Mundi það og verða óhæfileg fyrirhöfn að láta alla sóknarnefndarformenn landsins jafnan hafa slík kjörgögn undir höndum og skylda þá til að leyfa mönnum að kjósa hjá sér í hvert skipti sem prestskosning fer fram einhvers staðar á landinu. En þrátt fyrir þetta verða þessi ákvæði um utankjörfundarkjör að teljast veruleg bót frá því, sem nú er.

Um 3. gr.

Aðeins smáúrfelling til samræmingar.

Um 4. gr.

Sjálfsgagt þykir að rýmka ákvæði laganna um skiptingu sóknar í kjördeildir til samræmis við ákvæði laga um alþingiskosningar.

Um 5. gr.

Í henni felast aðeins nauðsynlegar breytingar, er leiðir af 6. gr.

Um 6. gr.

Hér er um tvær breytingar að ræða frá gildandi lögum.

1. Kosning er talin lögmæt og gildandi, ef helmingur kjósenda greiðir atkvæði og auðir seðlar eru færri en atkvæði þess umsækjanda, er flest fær. Reynsla undan-genginna ára hefur sýnt, að þegar enginn umsækjandi hefur fengið helming greiddra atkvæða, hefur kirkjustjórnin svo að segja undantekningarlaust veitt þeim umsækjanda, er flest hefur hlotið atkvæði. Hafi verið vikið frá þessari reglu, hefur það valdið óánægju innan viðkomandi safnaðar og jafnvel klofningi. Þykir því einfaldast og heppilegast að afnema þetta ákvæði um helming greiddra atkvæða sem skilyrði lög-mætrar kosningar, enda slík skilyrði ekki sett um aðrar kosningar í þessu landi.

2. Taki ekki helmingur kjósenda þátt í prestskosningu, er gert ráð fyrir að veita eigi prestakallið, en setja þann prest, er flest hefur hlotið atkvæði, um eitt ár, svo að söfnuðurinn fái tækifæri á að kynnst honum. Að þeim fresti liðnum er presta-kallið auglýst á ný.

Um 7. gr.

Þar eru sett hliðstæð ákvæði um það, ef umsækjandi er aðeins einn.

Kjósendum er gefinn kostur á að hafna umsækjandanum. En fari svo, að ekki greiði helmingur kjósenda atkvæði, er skylt að setja umsækjandann í prestakallið um eitt ár, ef hann óskar, þó því aðeins, að hann hafi hlotið helming greiddra atkvæða, þ. e. a. s. ekki verið hafnað.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 5. des. 1945.

Ráðuneytið óskar hér með að gefnu tilefni álits yðar, háæruverðugi herra, um það, hvort þér teljið ástæðu til að endurskoða lögín um veitingu prestakalla, nr. 32 3. nóv. 1915, og ef svo kynni að vera, á hvern hátt þér teljið að það mál yrði bezt undirbúið.

Er óskað álits yðar á því sérstaklega, hvort halda beri enn við það meginatriði laganna, að prestar skuli kosnir af söfnuðunum, eða hvort taka beri upp annað fyrir-komulag, og þá hvert.

Emil Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

Til biskups.